

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um hönnun olíuflutningaskipa, nr. 310/2003.

1. gr.

Reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (EB) nr. 1726/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem vísað er til í 56m í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2004 frá 8. júní 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2004, sbr. 1. gr., hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 59, dags. 25. nóvember 2004 (bls. 12), og er og er reglugerðin birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari og er hluti af henni.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. og 4. mgr. 1. gr. og 4. og 6. mgr. 3. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 12. apríl 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.